

## ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK LANDBÚNAÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

121. fundur landbúnaðarráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 30. október 2013 kl. 13:00 í Ráðhúsi Húnaþings vestra. Mæting samkvæmt undirskriftum.

### Dagskrá:

1. Yfirlit um refa- og minkaveiði á árinu 2013.
2. Erindi frá byggðarráði - Beiðni um umsögn v/ erindis Hrafnhildar Pétursdóttur.
3. Erindi frá byggðarráði – Erindi Kristófers Jóhannessonar.
4. Vetrarveiðar á ref. – Skipulag.
5. Erindisbréf fyrir fjallskilastjórnir.
6. Upprekstur í Kirkjuhvamm 2013.

### Afgreiðslur:

1. Lagðar fram upplýsingar um refa- og minkaveiði frá 1. september 2012 til 31. ágúst 2013. Kostnaður Húnaþings vestra vegna refa- og minkaveiði á þessu tímabili er alls kr. 5.524.139- Unnin grendýr voru alls 79, yrðlingar alls 169, hlaupadýr alls 15 og minkar alls 58.

2. Fram lagt erindi frá byggðarráði þar sem óskað er umsagnar á umsókn Hrafnhildar Katrínar Pétursdóttur um takmarkað búfjárhald skv. 3. gr. samþykktar um búfjárhald í Húnaþingi vestra. Óskar Hrafnhildur eftir leyfi til að halda 13 landnámsþætur á lóð sinni að Klapparstíg 3 á Hvammstanga. Landbúnaðarráð mælir með því að umbeðið leyfi verði veitt með því skilyrði að umræddu búfé verði haldið innan lóðarmarka.

3. Fram lagt erindi frá byggðarráði þar sem fram kemur að byggðarráð hafi samþykkt að vísa meðfylgjandi umsókn Kristófers Jóhannessonar um leyfi til vetrarveiða á ref til landbúnaðarráðs. Landbúnaðarráð samþykkir að fresta afgreiðslu erindisins þar til umsóknarfrestur um vetrarveiðar á ref rennur út.

4. Landbúnaðarráð felur sveitarstjóra að auglýsa eftir umsóknum frá aðilum sem ætla að stunda vetrarveiðar á ref til 30. apríl nk.

5. Erindisbréf fyrir fjallskilanefndir sveitarfélagsins. Umræðu og afgreiðslu frestað til næsta fundar.

6. Formaður greindi frá því að sl. vor hafi 36 hross, 61 kind og 93 lömb verið rekin upp í land Kirkjuhvamms.

Samþykkt að næsti fundur verði haldinn fimmtudaginn 14. nóvember nk.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 14:26